



27. október 2025
Mál nr. M202510-0082

Minnisblað vegna erindi frá Vatnsveitufélagsinu Suðurfall og rekstur og uppbygging kaldavatsveitna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi til framtíðar.

Vatnsveitufélagið Suðurfall

Á lögmætum aðalfundi Vatnsveitufélagsins Suðurfalls sem haldinn var mánudaginn 3. mars 2025 var kosið um tillögu stjórnar um að óska eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur taki yfir rekstur Vatnsveitufélagsins Suðurfall. **Samþykkt var samhljóða að óska eftir því við Skeiða- og Gnúpverjahrepp að taka yfir veituna, allar eignir, skuldir, réttindi og skyldur félagsins.** Með því móti verði tryggður betri rekstur á veitunni og að uppbygging veitunnar til framtíðar verði tryggð.

Samantekt um sögu Vatnsveitufélagsins Suðurfall:

Árið 1962 var virkjuð lind í Framneslandi, nokkuð norðan og ofan við gömlu bæjarhúsin og stofnuð vatnsveita sem fékk nafnið Vatnsveitufélagið Fall. Stofnendur veitunnar og jafnframt eigendur voru ábúendur Hlemmiskeiðs jarðanna og sjö jarða á útbæjum í Skeiðahreppi. Auk þess sá veitan byggðinni í Brautarholti og sundlauginni (gömlu) fyrir vatni.

8. september 1971 var haldinn undirbúningsfundur að stofnun vatnsveitu fyrir suður Skeið, bæirnir framan Brautarholts. Á þeim fundi hófst vinna við að setja á fót vatnsveitu fyrir svæðið og var kosið í þriggja manna undirbúningsnefnd sem var skipuð af Hermanní Guðmundssyni, Kjartani Georgssyni og Bjarna Jónssyni. Lesa má úr fundargerðarbók hvernig staðið var að undirbúningi stofnunar veitunnar, en stofnfundur vatnsveitu fyrir suður Skeið var haldinn að Brautarholti 23. janúar 1972. Samkvæmt samþykktum, sem samþykktar voru á stofnfundinum, skildi félagið heita Vatnsveitufélagið Suðurfall. Vatn var tekið úr sömu lind og Fall virkjaði 1962.

Á lögmætum aðalfundi Vatnsveitufélagsins Suðurfall 30. mars 2004 var borin fram tillaga um að samþykkja að veita félagsmönnum í vatnsveitunni Fall inngöngu í Vatnsveitufélagið Suðurfall með öllum réttindum og skyldum sem því fylgja. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Með þessari samþykkt voru báðar stóru vatnsveiturnar úr Vörðufelli sameinaðar í eina öflugri vatnsveitu.

Frá því að fyrsta lindin var virkjuð 1962, hefur verið bætt við 5 minni brunnum á svæðinu til að fanga meira vatn á svæðinu. Tveir miðlunartankar eru neðan við lindirnar, hvor tankur geymi um 30 m³ og er því samanlagður forði miðlunartanka um 60 m³.

Allar lagnir sem lagðar voru í upphafi voru frá Reykjalundi (plaströr). Stofnlögn eldri veitunnar (Fall) er 2" og 32mm að býlum, en stofnæð Suðurfall er 140mm að fyrstu greiningu (3km). Þaðan er hún 110mm og minna eftir því sem fjær dregur. Að býlum er hún víðast 40mm. Heildar leng



dreifikerfisins er í kringum 25.000 metrar (Rúmlega 4.000 metrar frá Fall og rúmlega 20.000 metrar frá Suðurfall), en eftir er að hnitsetja lagnir til að fá nákvæma lengd dreifikerfisins.

Engir rennslismælar eru á veitunni og þar sem staðsetning miðlunartanka er 50-60 metra yfir byggðinni á Skeiðunum er veitan með náttúrulega þrýsting á milli 5-6 bör. Engar dælur knúnar rafmagni eru á veitunni og er ekki er þörf á neinum dælum til að viðhalda þrýstingi á kerfinu. Veitan er því óháð rafmagni eða varaafli til að halda uppi vatnsþrýstingi. Yfir öllu vörðufelli er skilgreint vatnsverndarsvæði.

Yfir 130 notendur eru tengdir vatnsveitunni og þjónar hún íbúum í bæði dreifbýli og þéttbýli, bændum, matvælaframleiðendum, skóla, sundlaug og öðrum rekstraraðilum á svæðinu. Vatnsveitufélag Suðurfall er skuldlaus og hefur nýverið keypt nýja 3,8 km langa 110 mm stofnlögn sem stendur til að leggja frá Vörðufelli að Brautarholti. Til er handbært fé til að standa undir hluta kostnaðar við að koma lögninni niður og í rekstur.

Lagt er til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki að taka yfir Vatnsveitufélagið Suðurfall, allar eignir, skuldir, réttindi og skyldur félagsins. Með því móti verður lagður grunnur að því að byggja upp öflugan kaldavatnsveitu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem til framtíðar muni þjóna öllum íbúum sveitarfélagsins og rekstraraðilum, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Rekstur kaldavatnsveitna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og möguleikar til uppbyggingar einnar öruggar og áfallapolinnar kaldavatnsveitu sem muni þjóna öllum íbúum sveitarfélagsins.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur rekið kaldavatnsveitu sem sinnir þéttbýlinu í Árnesi ásamt bændum og frístundahúsum í nágrenni veitunnar. Vatnslindin er í landi Lækjarbrekku, upp við Steinsholt. Skilgreint vatnsverndarsvæði er í landi Lækjarbrekku og Steinsholts. Töluvert vatn er á svæðinu, en helstu takmarkanir við nýtingu vatnsins hefur verið í dreifikerfi veitunnar. Framkvæmdir við stækkun stofns að vatnstönkum fyrir ofan Árnes er í gangi og er áætlað að klárist á árinu. Núverandi lögn frá dæluhúsi fyrir neðan Birkikinn að vatnstönkum er einungis 50mm en ný lögn er 110mm. Þegar búið verður að tengja nýja lögn mun flutningsgeta frá vatnsbólinu í vatnstankana áttfaldast og ætti því að verða úr sögunni reglulegur vatnsskortur sem kemur upp í Árnesi og öðrum notendum sem fá vatn úr miðlunartönkunum.

Sveitarfélög hafa lögbundið hlutverk þegar kemur að vatnsveitum. Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, eftir því sem kostur er. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu.

Aðgengi að köldu vatni er víða í sveitarfélaginu, en að mati oddvita er mikilvægt er að horfa til langrar framtíðar um uppbyggingu vatnsveitu sveitarfélagsins. Það þurfi að gera með það að leiðarljósi að uppfylla lögbundna skyldu um reksturvatnsveitu í þéttbýlum sveitarfélagsins, en



einnig að byggja upp öfluga vatnsveitu sem liggi þvert í gegnum sveitarfélagið og tryggi íbúum og fyrirtækjum í dreifbýlinu aðgang að öruggu neysluvatni.

Möguleikar á svæðinu til að byggja upp örugga og áfallaþolna vatnsveitu eru til staðar og hægt er að framkvæma slíkt innan nokkurra ára. Oddviti hefur tekið saman öll gögn sem ÍSOR hefur unnið fyrir sveitarfélagið síðustu áratugi og í vinnslu er skýrsla hjá ÍSOR um útfærslu uppbyggingar vatnsveitu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp til framtíðar. Hægt er að stilla upp framkvæmdinni í nokkra áfanga sem væru eftirfarandi:

Áfangi 1

Framkvæmdir í vatnsbóli í Lækjarbrekku og í vatnsbólum í Vörðufelli.

Farið verði í lagfæringar í vatnsbólum með það að markmiði að hámarka upptöku vatns inn á dreifikerfið. Setja þurfi upp vöktun á vatnsmagni úr lindum að vatnstönkum, frá vatnstönkum inn á dreifikerfið og einnig vöktun á vatnsmagni sem fer um yfirfall. Með því móti fæst yfirsýn yfir afkastagetu núverandi vatnsbóla og notkun.

Áfangi 2

Lagaður verði nýr 14km stofn milli Árnes og Brautarholts sem tengir saman dreifikerfið út frá vatnsbólinu í Lækjarbrekku og dreifikerfið út frá vatnsbólum í Vörðufelli. Slík samtenging myndi auka öryggi og áfallaþol vatnsveitunnar mikið og koma vatnsveitunni í eina stóra vatnsveitu, en ekki tvær aðskildar.

Áfangi 3

Borað verði nýtt vatnsból í samræmi við skýrslu ÍSOR frá 2009, sem er um 4 km frá Árnesi og lagður stofn að dreifikerfi vatnsveitunnar í Árnesi. Slík framkvæmd stækkar dreifikerfið ásamt því að auka mögulega afkastagetu kerfisins í heild og eykur öryggi og áfallaþol enn meira.

Áfangi 4

Borað verði nýtt vatnsból í samstarfi við vatnsveitu Áshildarmýrar og lagður stofn frá vatnsbólinu um 8km að Brautarholti þar sem stofninn tengist núverandi dreifikerfi. Þá væri verið að bæta við fjórða vatnsbólinu inn á dreifikerfið, ásamt því að samtengja öryggistengingu við vatnsveitu Áshildarmýrar.

Áfangi 5

Samhliða því að dreifikerfi vatnsveitunnar stækki í hverjum áfanga, þá verði í síðasta áfanga uppbyggingar vatnsveitunnar horft til þess að stækka dreifikerfið enn frekar svo að það þjónustu alla íbúa sveitarfélagsins.



Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig stofnar í dreifikerfi vatnsveitunnar gætu litið út þegar uppbyggingu á veitunni verði lokið. Rauðu punktarnir sýna vatnsbólin en græna línan væru stofnarnir í dreifikerfinu sem myndu tengja saman öll fjögur vatnsbólin.



Vatnsbólin í Vörðufelli og í Lækjarbrekku eru sjálfrennandi vatnsból á meðan ný vatnsból yrðu boruð innan Árnes og við Áshildarmýri og væru með djúpdælum sem myndu dæla inn á kerfið eftir þörfum.

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti